

28.10.2014

Mjólkuráskrift að léttmjólk frá og með 1. nóvember 2014.

Kæru foreldrar og nemendur ÁlfTanesskóla.

Síðan 2004 hefur nemendum ÁlfTanesskóla verið boðin léttmjólk í morgunnesti án greiðslu. Við sameiningu Garðabæjar og Sveitarfélagsins ÁlfTaness urðu til ný viðmið og samræma þarf gjaldskrár og þjónustu.

Frá og með 1. nóvember 2014 þurfa foreldrar/ nemendur sem óska eftir léttmjólk í skólanum með morgunnestinu að skrá sig og greiða mánaðarlega áskriftargjald fyrir léttmjólk. Skráning er hjá ritara skólans sími 540-4700 eða með tölvupósti á alftanesskoli@alftanesskoli.is

Verð fyrir léttmjólk allt skólaárið 2014-2015 er 4.500 kr. eða 500 kr. á mánuði (25 kr. á dag).

ÁlfTanesskóli er Grænfánaskóli og hvetjum við foreldra og nemendur til að nota áfram margnota brúsa fyrir drykki í morgunnestið séu þau ekki í mjólkuráskrift. Að sjálfsögðu er kalt vatn til staðar. Komi nemandi með drykk í fernu eða plasti í morgunnestið þá fara þau aftur heim með umbúðirnar og flokka það heima.

Kær kveðja,

Sveinbjörn Markús Njálsson,
skólastjóri ÁlfTanesskóla.